



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08.10.2015
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. 133. mál

Landsvirkjun vill koma á framfæri athugasemdum og ábendingum varðandi tillöguna og áskilur sér enn fremur rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Einungis eru gerðar athugasemdir við þau atriði sem geta haft áhrif á rekstrarumhverfi og hagsmuni Landsvirkjunar.

Athugasemdir Landsvirkjunar eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Að í lagatexta verði skýrt kveðið á um að við áætlunargerðina skuli byggt á landsskipulagi, skipulagsáætlunum sveitarfélaga og öðrum áætlunum.
- Skýra þarf betur út markmið lagana, þ.e. hvað átt sé við með „*að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum*“. Mikilvægt er að landsáætlunin verði takmörkuð við innviði en ekki til stefnumörkunar t.d. á sviði skipulags, verndar til þess er landsskipulagsstefna (Svæðisskipulag Miðhálandisins), aðalskipulag og svæðisskipulag sveitarfélaga, náttúruverndaráætlun og aðrar opinberar áætlanir.

Í gr. 3 er fjallað um að landsáætlun taki til „*verndaraðgerða*“ og „*að í áætluninni skuli leggja til grundvallar vernd náttúru og menningarsögulegra minja*“. Því er velt upp hvort þetta geti stangast á við hlutverk Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að starfa meðal annars samkvæmt [lögum nr.44/1999](#), um náttúruvernd og á stofnunin m.a. að undirbúa að friðlýsingu svæða, hafa umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráningu náttúruminja og undirbúning og öflunar gagna vegna náttúruverndaráætlunar, skráningar náttúruminja og útgáfu náttúruminjaskrár¹.

Hlutverk Minjastofnunar er að tryggja varðveislu menningarsögulegra minja og auðvelda aðgang af þeim. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi í samræmi við [lög um menningarminjar](#) nr.80/2012². Og er því umhugsunarvert hvort þetta geti stangast á við hlutverk Minjastofnunar. Hér skortir á að skýra nánar að hér er um aðgerðar- og framkvæmdaráætlun er að ræða, en ekki áætlun um vernd.

Bent er á að í 4. mgr. 3. gr. segir: „*Áður en landsáætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur ráðherra, í samráði við ráðherra er fara með ferðamál, þjóðlendumál og menningar-*

¹ <http://ust.is/umhverfisstofnun/hlutverk-og-stefna/hlutverk-og-verkefni/>

² <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/>



minjamál, fram stefnu sína um vernd náttúru og menningarsögulegra minja vegna uppbyggingar innviða ...". Eðlilegt væri að kveða skýrt á um að slík stefna skuli byggja á og vera í samræmi við opinberar áætlanir eins og vikið er að hér að ofan. Athyglisvert er að í ráðgjafanefnd skv. 6. gr. er ekki gert ráð fyrir fulltrúa frá Umhverfisstofnun, sem gegnir þýðingarmiklu hlutverki varðandi náttúruvernd. Sömuleiðis má ætla að gagnlegt væri að hafa fulltrúa Skipulagsstofnunar í slíkum hópi. Jafnframt er rétt að benda á að orku-mannvirki og innviðir þeim tengdum eru að miklu leyti innan þjóðlendna. Þessa innviði má samnýta með annarri uppbyggingu.

Í landsskipulagsstefnu sem nú er til umfjöllunar er almennt lýst áherslum ríkisins um skipulagsmál og tengslum þeirra við stefnu stjórnvalda í tilteknum málaflokkum sem varða landnotkun. Landsskipulagsstefna á að vera mörkuð til tólf ára í senn og umhverfisráðherra ákvarðar áherslur hverju sinni. Samkvæmt reglugerð um landsskipulagsstefnu geta þessar áherslur varðað ákveðin þemu, tiltekna landshluta eða landgerðir eða samspil landnotkunar, samgangna og lýðheilsu.

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram eftirfarandi atriði sem á að fjalla um:

1. Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.
2. Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála.
3. Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál.
4. Stefna um skipulagsmál miðhálandisins³

Í stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands á að fjalla um stefnumótandi áætlun stjórnvalda sem varða landnotkun og aukin áhersla á náttúruvernd, náttúruverndaráætlun og væntanleg stefna um útivist og ferðamennsku. Landsskipulagsstefna hefur áhrif á áætlanagerð ríkisins. Auk þess að vera framfylgt í gegnum skipulagsáætlanir sveitarfélaga, getur landsskipulagsstefna einnig haft áhrif á áætlanir stjórnvalda í einstökum málaflokkum s.s. verndar- og orkunýtingaráætlunar. Því er velt upp hvort verið sé að fjalla um þennan málaflokk á mörgum stöðum en gæta þarf að því að það sé ekki gert.

Miðað við orðalag í landsáætlun virðist ekki greina nægilega á milli hlutverka núverandi stofnana, fyrirliggjandi áætlana og landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegra minja. Gerð er athugasemd við þetta, þar sem þetta gæti valdið misskilningi og ósamræmi.

Óskað er eftir að þessu verði breytt í endanlegri útgáfu.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

³ <http://www.landsskipulag.is/>